

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

*Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

*Sorþirðugjald.*

Sorþirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélagit samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorþirðugjaldið er samsetning af kostnaði við hirðingu grátunnu og blátunnu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því verður við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorþirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorþirðugjöld:	Íbúðarhús:	Grátunna kr. 15.000	Blátunna kr. 5.500
----------------	------------	------------------------	-----------------------

3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélagit.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnæði Sumarbústaðir Atvinnuhúsnæði	kr. 17.800 kr. 15.800 kr. 39.700
--------------------	--	--

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámaðalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gámaðalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélagit skv. magntölum frá verktaka sorþirðu. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekanda:

a. flokkur	kr. 29.700
b. flokkur	kr. 59.000
c. flokkur	kr. 88.500
d. flokkur	kr. 147.300
e. flokkur	kr. 196.000
f. flokkur	kr. 294.600
g. flokkur	kr. 393.800
h. flokkur	kr. 492.300
i. flokkur	kr. 590.900

4. gr.

*Leiga á sorpilátum.*

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er hirðing þeirra á reglulegum dögum blátunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarástað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa síðan sjálfir að sjá um tæmingu ílátu eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

660 l blátunnukar: kr. 1.500 á mánuði.

1100 l blátunnukar: kr. 2.500 á mánuði.

Meðalstór gámur: kr. 12.000 á mánuði.

Nr. 1070

28. nóvember 2014

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 20. október 2014 og samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 6. nóvember 2014 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 14. nóvember 2014. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1168/2013.

*Hrunamannahreppi, 28. nóvember 2014.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. desember 2014